

FJÁR1FL05

Búið til: Wed, 12 Feb 2020 13:27:46 GMT

Titill

Fjármálalæsi

Skammstöfun

FJÁR1FL05

Útgáfunúmer

8

Námsgrein

fjármálalæsi

Viðfangsefni

fjármál, læsi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er farið í gildi fjármála fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið. Lögð verður áhersla á fjármálalæsi sem hagnýta fræðigrein sem nýtist öllum í námi og starfi. Í áfanganum er fjallað um ábyrgð á sviði fjármála, tekjur, útgjöld, sparnað, lánamál, peningaáhyggjur, eðli peninga, fjármálastofnanir og ýmislegt fleira. Fjármálalæsi felur í sér getu til að greina valkosti í fjármálum, fjalla um peninga án vandkvæða, gera áætlanir til framtíðar og bregðast skynsamlega við breyttum forsendum ákvarðana í fjármálum, þar með talið í efnahagsumhverfinu. Fjármálalæsi byggist á þekkingu, viðhorfum og hegðun og snýst um að geta tekið upplýstar, meðvitaðar ákvarðanir í fjármálum til lengri og skemmri tíma. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur taki ábyrgð á því að skipuleggja vinnu sína og læri að nýta sér þau hjálpartæki sem í boði eru.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- einföldum fjármálum daglegs lífs
- lestri launaseðla og annarra fjármálatengdra skjala
- tilgangi skatta og annars frádráttar
- rekstri heimilis og bifreiðar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna gróflega útborgun launa eftir skatt
- gera sér grein fyrir daglegum kostnaði, t.d. fæði og húsnæði
- leita sér upplýsinga sem aðstoðar við nauðsynlega útreikninga

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir mikilvægi peninga
- skilja tilgang skatta og gjalda og hvernig þeir nýtast
- skilja mikilvægi þess að tekjur séu hærri en gjöld

- tileinka sér ábyrgð á eigin fjármálum og átta sig á að tekjur og gjöld verða að standast

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar**Fyrirmynd**